



BJARNI E. GUÐLEIFSSON
Möðruvöllum
 – *Minning* –

Möðruvellir í Hörgárdal standa á víðum völlum undir bröttum og tignarlegum fjöllum. Glæsilegra bæjarstæði getur naumast á Íslandi. Þar var höfuðból frá upphafi, klaustur forðum daga, síðar amtmannssetur og skólastaður. Möðruvallaskóli, stofnaður 1880, skipaði sérstakan sess í hugum Norðlendinga og Austfirðinga. Þaðan komu fræðimenn og frumkvöðlar í félagsmálum. Nokkrir landskunnir náttúrufræðingar voru þar lærifeður. Þar samdi Stefán Stefánsson bókina *Flóru Íslands*, sem út kom 1901, og varð mörgum kærkominn leiðarvísir til að þekkja plöntur.

Árið 1902 eyddist skólahúsið í bruna. Skólinn var þá fluttur til Akureyrar og nefndur Gagnfræðaskólinn á Akureyri. Hann fékk inni í nýju og glæsilegu húsi 1904, sem enn stendur. Það hýsir nú hluta af starfsemi Menntaskólans á Akureyri, sem tók við af hinum 1930. Lengi eimdi eftir af fræðastarfi í skólanum. Hann var ígildi háskóla og vísir Háskólans á Akureyri sem hóf göngu sína 1987. Árið 1903 var stofnað á Akureyri Ræktunarfélag Norðurlands sem var í nánu sambandi við skólann og átti eftir að vinna mikið og gott starf.

Inn í þetta samfélag kom Bjarni E. Guðleifsson um 1970, nýbakaður doktor í búvísindum. Árið 1978 settist hann að á Möðruvöllum, átti þar heima í 35 ár og fékkst við rannsóknir og ritstörf. Hann var því oft kenndur við þann stað.

UPPRUNI, NÁM OG STÖRF

Bjarni Eyjólfur Guðleifsson var fæddur í Reykjavík 21. júní 1942 og andaðist á Akureyri 7. september 2019, aðeins 77 ára gamall. Foreldrar hans voru hjónin Guðleifur Kristinn Bjarnason símvirki (1906–1984) og Sigurborg Eyjólfsdóttir húsmóðir (1906–1997). Sigurborg var af breiðfirskum ættum, fædd og uppalin á Skógarströnd, en Guðleifur var ættaður af Sudurnesjum, fæddur í Hafnarfirði, en móðurafi hans var danskur. Þau áttu auk hans fjórar dætur. Bjarni ólst upp í Vesturbænum, gekk í Melaskóla og Gagnfræðaskólann við Hringbraut, þá í Menntaskólann í Reykjavík og varð stúdent þaðan 1962.

Móðir Bjarna hafði orðið fyrir trúarvakningu á yngri árum og innrætti börnum sínum þá trú sem hún taldi rétta. Hún var tengd KFUM-hreyfingunni, sem Friðrik Friðriksson stofnaði



Möðruvellir í Hörgárdal. Yfirlitsmynd. Að baki eru frá vinstri Staðarhnjúkur og Staðarskarð, Prastarhólshnúkur og Prastarhólsskarð. Ljós. Mats Wibe Lund.

og rak. Þar gekk Bjarni í sunnudagaskóla og varð fyrir áhrifum sem styrktust af kynnum við Felix Ólafsson mág hans, trúboða í Eþíópíu. Á kristilegu skólamáti í Vatnaskógi ákvað hann að gerast „fylgisveinn“ Guðs. „Ég varð ekki samur maður eftir þessi umskipti, og þessi ákvörðun hefur litað æviferil minn æ síðan“ (Fyrirmyndir, bls. 37).^a

Árið 1951, þegar Bjarni var níu ára, var hann sendur í sveit á bænum Bessatungu í Saurbæ, Dalasýslu, og þar var hann í samtals níu sumur. Þessi sveitardvöl hafði gagnger áhrif á ævi hans, ekki síst kynni hans af Þórði Guðmundssyni bónda. Áður hafði Stefán skáld búið á bænum, sá sem kenndi sig við Hvítadal, næsta bæ, og Steinn Steinar var þar eitt ár á barnsaldri. „Sveitardvölin er eitt eftirminnilegasta tímabil ævi minnar. Þarna í Saurbænum tók ég út mikinn þroska ... Ég lifði mig inn í sveitarstörfin og varð mikill bóndi í hugsun ... Mér finnst eins og ég hafi fyrst byrjað að hugsa, þegar ég kom í sveitina. Lífið í borginni virtist hafa liðið hugsunarlaust, en lífið í sveitinni var fullt af uppgetvunum sem kröfðust hugsunar. Enda fór það svo að mér fór að ganga miklu betur í skólanum þegar fram liðu stundir. Þórður átti mikinn þátt í þessu.


Hann, spaugvitringurinn, kenndi mér að spauga og fræddi mig um lífið og náttúruna,“ segir Bjarni í æviágripi sínu, *Fyrirmyndum*, bls. 35.

Eftir þessa reynslu kom ekki annað til greina fyrir Bjarna en fara í búfræðinám. Hann hafði samband við Árna Eylands sem útvegaði honum skólavist við Bændaskóla á Öxnavaði (Øxnavad), nálægt Stafangri í Noregi 1963. Næsta ár gat hann innritast í jarðræktardeild Landbúnaðarháskólans í Ási (Ås), Noregi. Hann tók kandidatspróf þaðan 1966 og doktorspróf 1971. Þar voru nokkrir Íslendingar samtíða honum í skóla, meðal annarra Bjarni Guðmundsson, Jón Viðar Jónmundsson, Jón Bjarnason, Magnús B. Jónsson og Sveinn Hallgrímsson, sem allir urðu þekktir af störfum fyrir íslenskan landbúnað. Þar kynntist hann einnig Birni Stefánssyni hagfræðingi, er síðan var aldavinur hans. Bjarni ákvað að læra nýnorsku (landsmál), sem líkist íslensku, og talaði og ritaði hana reiprennandi, auk ríkismálsins.

Á námsárunum 1963–1967 var Bjarni lausráðinn við Atvinnudeild Háskólans, sem 1965 fékk heitið Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA), en þá féllu allar tilrauna-

Bjarni E. Guðleifsson í Noregi 1963. Ljós. óþ.

^a Í þessu æviágripi er stuðst við bókarkverið *Fyrirmyndir, stutt sjálfsævisaga Bjarna E. Guðleifssonar* (Hólar, Reykjavík 2013), og síðar verður nánar getið, svo og aðrar bækur Bjarna, og tímaritið Heimaslóð.



Foreldrarinnir, Sigurborg Eyjólfsdóttir og Guðleifur Kr. Bjarnason, 1944, með Bjarna á þriðja ári. Ljós. óp.

stöðvar landsins undir þá stofnun. Þar vann hann í skólafríum, meðal annars við tilraunir í jarðyrkju sem Sturla Friðriksson hafði umsjón með, og urðu þeir síðan mestu mátar. Vitnaði hann oft til spakmæla Sturlu. Hann var því öllum hnútum kunnugur 1971 er hann var ráðinn forstöðumaður við Tilraunastöðina á Akureyri, sem þá hafði aðsetur í gömlu Gróðrarstöðinni.

Á Akureyri sótti Bjarni samkomur KFUM og þar hitti hann Pálinu Sigríði Jóhannesdóttur sjúkraliða, frá Egg í Hegrnesi, Skagafirði. Hún var alin upp í kristilegum anda, hafði áhuga á búskap, og hafði verið í Húsmæðraskóla á Löngumýri. Þau voru gefin saman í Rípurkirkju á jóladag 1972. Þau áttu farsælt heimilislíf, og þótt ólík væru að ýmsu leyti bættu þau hvort annað upp. „Ég komst fljótlega að því að þetta var stúlkan sem Guð hafði ætlað mér ... Ég get alls ekki náð yfir öll þau miklu áhrif, sem hún hefur haft á mig,“ segir Bjarni í Fyrirmyndum. Eflaust átti Pálinu mikinn þátt í árangri hans og velgengni. Því gat hann endað ævisögu sína á orðinu „hamingjumaður“. Þeim hjónum varð fjögurra barna auðið. Þau eru: Brynhildur, f. 1974, Brynjólfur f. 1975, Sigurborg f. 1980 og Sigríður f. 1982. Öll eiga þau maka og börn. Bjarni var mikill fjölskyldumaður, eins og sjá má í minningargreinum afkomenda hans.

Árið 1974 var Tilraunastöðin flutt frá Akureyri að Möðruvöllum í Hörgárdal. Þangað fluttust þau Bjarni og Pálinu 1978 og byggðu þar hús sem fékk heitið Möðruvellir III. Árin 1979–80 dvöldust þau í Ottawa í Kanada, hann í rannsóknarstarfi við Efna- og líffræðistofnun, Agriculture Canada. Árin 1981–1990 var Bjarni í hlutastarfi við Tilraunastöðina og öðru hlutastarfi sem ráðunautur, og síðar framkvæmdastjóri Ræktunarfélags Norðurlands, og ritstjóri tímarits þess.

Þessum störfum höfðu þeir Jóhannes Sigvaldason og Þórarinn Lárusson áður sinnt, og átti Bjarni mikið og gott

samstarf við þá, einkum Jóhannes, sem tók við stöðu tilraunastjóra 1983. Segir hann að Bjarni hafi aldrei verið gefinn fyrir stjórnunarstörf.

Árið 1983 var Bjarni um skeið í námsdvöl við Stofnun fyrir plöntunæringu og jarðvegsfræði við Háskólann í Kiel, Þýskalandi, 1989–1990 við tilraunastöð í landbúnaði í Vågønes, Noregi, og 1999–2000 við McGill-háskóla í Montreal, Kanada.

Árin 1991–2004 starfaði Bjarni sem náttúrufræðingur hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) við Tilraunastöðina á Möðruvöllum, og 2005–2012 sem prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, þar til hann varð sjötugur. Haustið 2013 fluttust þau hjónin til Akureyrar og keyptu þar hús við götuna Hamratún.

Bjarni stundaði kennslu meira eða minna alla sína starfsævi. Árin 1973–1983 var hann stundakennari við Menntaskólann og Verkmenntaskólann á Akureyri, 1985–2000 við Hólaskóla, frá 2005 við Háskólana á Akureyri og Hvanneyri. Yndi hans var að fræða, eins og bækur hans bera vitni, og þarf því ekki að efast um árangur hans við kennslu.

FÉLAGSSTÖRF

Bjarni tók ávallt mikinn þátt í félagsmálum, sem hann kynntist fyrst í kristilegum félögum ungra manna, bæði hér heima og í Noregi. Eftir að hann settist að í Eyjafirði var hann í mörgum öðrum félögum, nefndum og ráðum, og lenti þá oft en ekki í stjórnarstöðum, oft sem formaður.

Bjarni var einn af frumkvöðlum Vísindafélags Norðlendinga, sem stofnað var á Akureyri um 1970, oft í stjórn þess, og félagi í Vísindafélagi Íslendinga frá 1997. Hann var virkur félagi í Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) 1976–1984, formaður frá 1980, sat í Náttúruverndarnefnd Eyjafjarðar 1987–2001 og í Náttúruverndarráði 1978–1984.



Bjarni við rannsóknir í kalstofunni á Möðruvöllum, 2016. Ljós. Brynhildur Bjarnadóttir.

Hann var í stjórn Skógræktarfélags Eyfirðinga 2001–2009, Sögufélags Eyfirðinga 1996–2002, Gídefélagsins 1999–2002 og Minjasafnsins á Akureyri 1998–2006.

Eftir að Bjarni settist að á Möðruvöllum fór hann að taka til hendinni í félagsmálum í Hörgárdal og Öxnadal. Árið 1982 stofnaði hann ferðafélag í sveitinni, sem fékk nafnið Hörgur, og var formaður þess til 2012. Það stóð fyrir gönguferðum og tók að sér að endurreisa torfbæ á Baugaseli í Barkárdal. Varð þar síðan eins konar heimili félagsins, sem heldur þar árlegar samkomur um Jónsmessu.

Árið 1983 stofnaði Bjarni með þrem öðrum tímaritið *Heimaslóð* – Árbók hreppanna í Möðruvallaklausturspresta-kalli, er síðan hefur komið út nokkuð reglulega, og ritstýrði því til 2014, en þá fékk það auknefnið Árbók Hörgársveitar. Árið áður tók nýstofnað Sögufélag Hörgársveitar við útgáfu ritsins. Bjarni skrifaði fjölda greina í *Heimaslóð*, meðal annars um Jónas skáld og um fyrirrennara sína á staðnum.

Á staðnum voru tvö hús frá tíma Möðruvallaskóla, auk kirkjunnar. Annað var byggt 1881, stundum kallað Leikhús. Gekkt Bjarni fyrir myndun félags og síðar stofnunar er nefnist Amtmannssetrið á Möðruvöllum, og ætlað er það hlutverk að halda við og endurbyggja gömul hús á staðnum. Lauk endurbyggingu Leikhússins 2007. Þar er aðstaða fyrir litlar samkomur, fundi og veitingar, á tveim hæðum. Þar setti Bjarni á fót dagskrá með fyrirlesturum og kaffikvöldum á tveggja vikna fresti allt árið, og tókst að halda þeim við lýði í fimm ár, eða til 2012. Naut ritari þeirrar ánægju að flytja þar erindi síðasta vorið (sjá *Heimaslóð* 9, 2009, og 11, 2014). Hitt húsið er Stefánsfjós, sem Stefán kennari lét byggja um aldamótin. Næsta verkefni verður að koma því í betra horf.

Skógræktarfélag Eyfirðinga var stofnað 1930, sem Skógræktarfélag Íslands, en sama ár var annað félag með því

nafni stofnað á Þingvöllum, og varð það síðan að landsfélagi. Félagið minntist 70 ára afmælisins með útgáfu bókar: *Ásýnd Eyjafjarðar*. Skógar að fornu og nýju. Var Bjarni fenginn til að ritstýra henni og rita kafla í hana. Gaf félagið hana út aldamótaárið.

Bjarni var mikill aðdáandi Jónasar Hallgrímssonar skálds og náttúrufræðings. Bárust böndin þá að bænum Hrauni, fæðingarstað Jónasar. Fékk Bjarni ágætan stuðning Tryggva Gíslasonar, sem þá var skólameistari Menntaskólans á Akureyri. Árið 2003 stofnuðu þeir Menningarfélagið Hraun ehf. í þeim tilgangi að koma þar upp fræðasetri tileinkuðu Jónasi. Félagið keypti jörðina, og Minningarstofa um Jónas var opnuð á Hrauni við hátíðlega athöfn á 200 ára afmæli hans, 16. nóvember 2007. Sama ár var jörðin friðlýst, íbúðarhúsið endurbætt og sett þar upp sýning um Jónas og verk hans, en auk þess er þar íbúð fyrir fræðimenn. Á Hrauni var síðan haldin Fífilbrekkuhátíð í byrjun júní með viðburðum og gönguferðum um nágrennið. Hátíðin var haldin árlega til að byrja með og var Bjarni leiðsögumaður gönguhópa meðan hans naut við (*Heimaslóð* 9, 2009).

Frá aldamótum eða lengur hafði Bjarni skrifstofu í húsi Búnaðarsambands Eyjafjarðar, Búgarði við Glerárós á Akureyri. Þar sat hann oftlega við skrifrit og kynntist öðru starfsfólki sem hafði dálæti á honum, enda var hann hrókur alls fagnaðar á kaffistofnunni. Bjarni hafði lítinn áhuga á flokkapólitík, og kvæðst vera á móti stjórnmalaflokkum.

Bjarni var vel lesinn í íslenskum bókmenntum, og þá ekki síst kvæðskap, sem bækur hans bera ljóst merki. Hann var sjálfur vel hagamæltur, nokkrar vísur á hann í bókum sínum, og kvæðið *Haust* birtist með minningargrein um hann í *Heimaslóð* (17, 2020).



Bjarni á Hraundranga 31. júlí 2012. Í baksýn er Vatnsdalur, með Hraunsvatni í botni, handan þess Þverbrekkuhnjúkur. Ljós. Jón Gauti Jónsson.

RANNSÓKNIR OG FRÆÐI

Bjarni leiddist snemma út í rannsóknir á kalskemmdum í túnnum. Árin 1967 og 1968 var gríðarmikið túnkál á Norður- og Austurlandi, og olli miklum búsisfjum. Bjarni skoðaði kalsvæðin, fyrst með Sturlu Friðrikssyni, síðar á eigin spýtur. Í Öxarfirði og Þistilfirði kom hann á alla bæi 1968 og gisti hjá bændum. Kom þá í ljós að hann átti þangað ættir að rekja. Hann reyndi að gera sér grein fyrir orsökum kalsins, og það varð honum efni í lokaritgerð til doktorsprófs við Háskólann í Ási, sem bar titilinn „Overvintringsskader í grasmark på Island, omfang og årsaker“ (130 bls., fjölrit). Helsta niðurstaðan var sú að langvarandi svellaegu væri oftast um að kenna, og hefur það síðan margoft sannast.

Þessum rannsóknum hélt Bjarni áfram sem tilraunastjóri á Akureyri og Möðruvöllum, og færðust þær smám saman á vísindalegri grundvöll með rannsókn á frostþoli plantna, hvernig plöntufrumur bregðast við kulda og súrefnisshorti, og hvaða efnabreytingar eiga sér stað í þeim. Hygg ég að þar hafi Bjarni náð að mörkum mannlegrar þekkingar þess tíma.

Í rannsóknardvöl sinni í Ottawa um 1980 hafði Bjarni kynnst „alvöru vísindalegum vinnubrögðum við kalrannsóknir,“ eins og hann segir sjálfur (Fyrirmyndir, bls. 67). Heimkominn gekk hann á fund ráðherra og fékk styrk til að kaupa sex frystikistur. Þeim var fyrst komið fyrir í bílskúr hans á Möðruvöllum, en 1985 fengu þær inni í svonefndu Eggertsfjosi, sem nýtt tilraunafjós hafði leyst af hólmi. Þar var útbúin aðstaða fyrir ræktun plantna og tilraunir með áhrif mismunandi kælingar, sem var þá ekki til annars staðar á Íslandi.

Rannsóknir Bjarna vöktu brátt heimsathygli og löðuðu marga erlenda gróður- og lífefnafræðinga til samstarfs við hann. Hann var líka duglegur að sækja fjölbýðlegar ráðstefnur um þessi efni og kynna þar rannsóknir sínar, og stóð sjálfur fyrir nokkrum slíkum. Um þetta ritaði hann margar

greinar, einn og með öðrum, sem birtust bæði í erlendum vísindaritum og í *Íslenskum landbúnaðarrannsóknum*, einnig í *Frey* og *Ársriti Ræktunarfélags Norðurlands*.

Um 1990 var Þóroddur Sveinsson ráðinn til að stýra Tilraunastöðinni á Möðruvöllum, sem þá var orðin með síðustu útibúum RALA. Fékk Bjarni þá meiri tíma til að sinna rannsóknum, sem voru jafnan hans áhugamál. Samstarf þeirra Þórodds var með ágætum. Bjarni var ráðinn „náttúrufræðingur“ við Tilraunastöðina og gegndi þeirri stöðu til 2004 (Fyrirmyndir, bls. 73).

Árið 2004 var RALA sett undir Landbúnaðarháskóla Íslands. Eftir það dró mjög úr tilraunastarfi á Möðruvöllum og lagðist það smám saman niður. Bjarni var þá skipaður prófessor við háskólann, sem hefur aðalstöð á Hvanneyri, en kennsluskylda var lítil. Þetta var að mörgu leyti góður tími fyrir hann, því nú gat hann sinnt ýmsum rannsóknum sem hugur hans stóð til, þótt ekki teldust beinlínis hagnýtar, og þar var af nógu að taka.

Meðal annars fór hann að kynna sér lífverur í jarðvegi og gróðursverði, og tók þar upp þráðinn frá okkur Jóhannesi Sigvaldasyni við Rannsóknarstöðina Kötlu á Árskógsströnd árin 1969–70. Fyrir valinu urðu þá einkum köngulær, mítlar og ánamaðkar, sem safnað var í gildrum á túnnum og tilraunareitum Möðruvalla. Náði Bjarni furðu góðri færni í að greina tegundir þeirra, og naut hann þar aðstoðar Brynhildar dóttur sinnar, sem lært hafði skógvistfræði, og ýmissa fleiri. Birtu þau margar greinar um þessar rannsóknir í vísindaritum og ritum fyrir almenning, svo sem í *Náttúrufræðingnum* og *Garðyrkjuritinu*. Ætlun Bjarna var að semja bók um ánamaðka, og voru komin drög að henni þegar hann veiktist, en Brynhildur hefur hug á að ljúka við bókina á þessu ári. Bjarni hafði lengi safnað efni í ritaskrá fræðimanna sem lifað hafa og starfað í Eyjafirði, og samið drög að henni, en tókst ekki ganga frá þeim.

FJALLGÖNGUR

Á Möðruvöllum fór Bjarni að stunda fjallgöngur, sem urðu eitt helsta áhugamál hans, íþrótt og skemmtun. Hann var fenginn til að semja lýsingu á hluta Tröllaskaga í *Árbók Ferðafélags Íslands 1990* og fór hann þá að ganga skipulega um dali og fjöll þessa svæðis, einn og með öðrum. Það er í frásögur fært að Bjarni lét fréttast að hann héldi fimmtugsafmæli sitt 21. júní 1992 uppi á Staðarhnjúk við Möðruvelli í 820 m hæð y.s., og sóttu hann þangað um 20 manns. Þar flutti Angantýr Hjörvar skólastjóri á Hrafnagili honum afmælskvæði (Fyrirmyndir, bls. 61).

Á þessu tímabili tók Bjarni einnig að stunda hlaup og taka þátt í skipulögðum langhlaupum. Um aldamótin stofnaði hann til skokks gegnum Þorvaldsdal, sem er að fjallabaki á Möðruvöllum, opinn í báða enda, um 25 kílómetrar, og hefur það haldist síðan. Nú kom brátt að því að Bjarni setti sér markmið í fjallaferðum og fylgdi þeim eftir af festu og dugnaði. Árið 1995 hófst ganga hans og þriggja annarra félaga á fjöllum umhverfis Svarfárdal, sem þeir gengu í 15 ferðum á 8 árum. Stundum bættust fleiri í hópinn. Bjarni ritaði ferðalýsingar og allir tóku þeir myndir. Þetta efni birti hann í blaðinu *Norðurslóð í Svarfárdal*. Síðan tók hann það upp í *bókina Svarfárdalsfjöll*, sem út kom hjá forlaginu Hólum 2011, ríkulega myndskreytt (192 bls.).

Næsta verkefni Bjarna var að ganga á hæsta fjall í 24 sýslum landsins, sem hann kallaði „sýslufjöll“. Til fylgdar fékk hann tvo vana menn úr frændliði sínu, auk annarra sem fóru með honum á einstök fjöll. Þeir félagar gengu á 28 fjöll á 12 ára tímabili. Afrakstur þeirra ferða var bókinn *Á fjallatindum*, sem Hólar gáfu út 2009. Við samningu hennar víðaði Bjarni að sér heimildum og birt er heimildaskrá fyrir hvert fjall. Í bókinni eru myndir með örnefnum og gönguleiðakort. Þetta er glæsileg bók, 432 bls. Þriðja bók Bjarna um þessi efni er *Hraun í Öxnadal – Fólkvangur*, sem út kom 2014, og fjallar sem nafnið segir um jörðina Hraun og nágrenni, sögu og náttúruferðir, og þó ekki sist um þau hrikalegu fjöll sem standa að baki henni. Tilefnið var friðlýsing Hrauns sem fólkvangs 2007, og stofnun Jónasarseturs, sem fyrr var getið. Nokkrir fleiri höfundar eiga greinar í bókinni.

Meginefnið er lýsing gönguleiða um dalina og fjöllin frá Hrauni. Þar er Hraundrangi í meginhlutverki, sem Jónas gerði frægan í kvæðinu *Ferðalokum*, og blasir við af þjóðvegi, ekki árennilegur uppgöngu. Tindurinn hafði fyrst verið klifinn 1956. Bjarni stóðst ekki mátið, þótt ekki hefði hann reynslu af klettaklifri. Með dyggri aðstoð Jóns Gauta Jónssonar og Halldórs úrsmíðs Halldórssonar á Akureyri, sem voru alvanir klifri, tókst honum að klífa Hraundranga 31. júlí 2012, mánuði eftir sjötugsafmæli sitt, elsti maður sem það hafði afrekað.

NÁTTÚRUSKOÐARINN

Árið 1798 kom út í Leirargörðum í Borgarfirði bókinn *Sá guðlega þenkjandi náttúruskoðari*, útdráttur úr ritum P.F. Suhm, sem Jón Jónsson prestur, síðast á Auðbrekku í Hörgárdal, hafði þýtt og ritað athugasemdir við. Jón var fjölfróður, enda oft nefndur Jón lærði. Legsteinn hans er fyrir kirkjudyrum á Möðruvöllum. Bjarni hafði dálæti á kverinu, skrifaði um það í Bjarna 2001, og stefndi að endurútgáfu þess, og á fleiri ritum Jóns lærða.

Snemma varð það áhugamál Bjarna að skoða náttúruna og kynna hana fyrir almenningi í erindum og fræðslugreinum. Til vitnis um það eru þrjár smábækur sem bera yfirskriftina

Náttúruskoðarinn I-III, og Hólar gáfu út á árunum 2005–2007. Sú fyrsta ber aðaltitilinn: *Úr dýraríkinu* (126 bls.), önnur *Úr jurtaríkinu* (148 bls.) og þriðja *Úr steinaríkinu* (184 bls.). Sumt af efninu hafði hann áður birt í blöðum, flutt í útvarp eða lesið á fundum, en mikið er frumsamið eða endurritað. Hverjum kafla fylgir kvæði eftir ýmsa höfunda.

Í þessum bókum kennir margra grasa, en að formi til eru þetta stuttir kaflar um ýmis fyrirbæri náttúrunnar, svo sem flokka og tegundir jurta og dýra, „handaverk Guðs á himni og jörðu“. *Steinaríkið* fjallar þó mest um veður og loftslag, mannvirki, landslag og umhverfisvernd.

Íslenskar bækur um náttúruskoðun voru sjaldséðar. Því var *Náttúruskoðarinn* vel þeginn í skólum landsins, og bætti úr brýnni þörf. Á árinu milli þessara bóka, 2006, kom út stakt kver í sama formi, sem nefnist *Úr útiverunni – Gengið og skokkað* (136 bls.), þar sem höfundur segir á gamansaman hátt frá reynslu af hlaupum og skokki, göngu- og fjallaferðum.

HUGSUÐURINN

Eftir að Bjarni náði sjötugsaldri fór hann að sinna ýmsum hugðarefnum sem lengi höfðu valdið honum heilabrotum. Næsta verk hans í flokki almennra fræðslurita var bókinn *Úr hugarheimi – Í gamni og alvöru*, sem Hólar gáfu út 2012, í til-efni af sjötugsafmæli hans. Segir Bjarni í formála að Guðjón Ingi Eiríksson forstjóri hafi átt frumkvæði að kverinu. Efnid er af ýmsum toga, og byggist mikið á eldri greinum. Höfundur tjáir þar skoðanir sínar á ýmsum fyrirbærum og málefnum samtímans, og kryddar þær iðulega með sinni sérstöku gamansemi. Auk þess eru í bókinni ritaskrá hans og heillaóskaskrá.

Árið 2013 sendi Bjarni frá sér kverið *Fyrirmyndir* (80 bls.), sem oft er vitnað til í þessu spjalli. Það er ævisöguágríp og inniheldur 13 þætti af kunningjum og vinum, sem hann kallar fyrirmyndir eða áhrifavalda, auk lýsinga á maka, foreldrum og systkinum. „Þetta byrjaði sem grín. Mér þótti þetta svo sem ekkert vitlausara en margt annað, sem ég hef tekið mér fyrir hendur um dagana,“ segir hann í formála.

Nú liðu fjögur ár þar til næsta bók kom frá hendi Bjarna, en allan þann tíma eða lengur hafði hann verið að ígrunda efnið og gera atrennur að samningu bókarinnar, sem krafðist mikilla heilabrota. Niðurstaðan varð bókinn: *Öreindirnar, alheimurinn, lífið og Guð* (Hólar, 2016). Hér var ekki lítið í fang færst, eins og nafnið gefur til kynna. Þó er bókinn aðeins 88 bls. Eins og áður kom fram var Bjarni einlægur trúmaður á kristna vísu og leit á Biblíuna sem helga bók, þótt ekki vildi hann taka allt bókstaflega sem í henni stendur. Lengi vel tókst honum að halda trú og vísindum aðskildum, og stunda hvort tveggja á sínum stað og tíma, með þeim sem eru sama sinnis.

Með árunum fór þó að eflast sú löngun að reyna að brúa bilið milli trúar og vísinda, og um þá glímu fjallar þetta kver. Efni þess er hugmynda- og vísindasaga mannkyns í hnotskurn, og lýsing nútíma heimsmýndar í stuttu máli, allt frá smæstu öreindum til sólkerfa og „Miklahvells“. Í lokin er fjallað um lífið, eðli þess og gerð, og tilgátur um tilurð þess. Þar kemur til kasta „hins guðlega þenkjandi náttúruskoðara“. Eins og í fyrri bókum er textinn einfaldur og auðskilinn, þótt um sé að ræða flóknu og furðulegustu hugmyndir og kenningar, sem höfundur reynir að samræma og flétta saman við kristna guðstrú sína.



Fjölskyldumynd 2018: Frá vinstri: Brynhildur, Sigríður, Pálína, Bjarni, Sigurborg og Brynjólfur. Ljósma. Eiríkur Ingi Helgason.

Niðurstaða hans er sú að Guð hljóti að hafa komið sköpun heimsins af stað, og sett honum þau lögmál er hann hafi síðan þróast eftir. Einnig hafi hann skapað hina fyrstu lífveru, en síðan hafi ferill þróunar tekið við samkvæmt kenningu Darwins. „Guð ætlast varla til þess að menn afneiti sannindum sem náttúruvísindin hafa uppgötvað og sannað,“ bætir hann við. Hér er Bjarni á sömu slóðum og ýmsir fremstu vísindamenn, allt frá Galileo Galilei til Alberts Einstein. Ýmsir myndu bæta því við að Guð væri alltaf að skapa.

Í árslok 2019 kom út hjá Hólum bókin *Náttúruþankar* (188 bls.), með höfundarnöfnum þeirra feðgina, Bjarna og Brynhildar. Bjarni hafði unnið að þessari bók í mörg ár, samhliða þeirri fyrrnefndu um öreindirnar, og kallaði hana lengi vel „Um frumefnin fjögur“, enda skiptist hún í aðalkafla, sem heita Jörðin, Vatnið, Loftið og Eldurinn. Það voru þau „frumefni“ (element), sem spekingar fornaldar álitu að öll fyrirbæri heims væru samsett af.

Bókin var komin vel á veg þegar Bjarni veiktist vorið 2019. Brynhildur hafði aðstoðað hann við ritun hennar, og tókst að ljúka henni og koma á prent meðan Bjarni hafði enn nokkurt ráð og rænu. Hygg ég að það hafi verið honum meira gleðiefni en orð fá lýst.

Náttúruþankar er einstæð í bókaheimi Íslendinga. Lýsa má henni sem náttúrufræði í hnotskurn. Þar er helstu fyrirbærum náttúrunnar lýst í máli og myndum, og inn í það fléttað tilvitnunum í skáldverk, bæði texta og ljóð. Mikið er fjallað um afleiðingar lífshátta okkar á náttúruleg ferli, svo að bókin er jafnhliða leiðarvísir um náttúru- og umhverfisvernd. Þetta er sá boðskapur sem hann vildi skilja heiminum eftir.

Bókin er létt og skemmtileg aflestrar og ætti að henta vel börnum og unglingum. „Á einhverju stigi skrifanna sáum við efnið sem hugsanlega kennslubók,“ segja þau í formála. Varla er hægt að hugsa sér hentugri kennslubók í náttúrufræði fyrir grunnskóla. Brynhildur er dósent við Kennaradeild Háskól-

ans á Akureyri og hefur notað bókina þar við námskeiðshald. Ritaskrá Bjarna er á netsíðunni beg.123.is.

EIGIN KYNNI

Ritari þessa pistils kynntist Bjarna Guðleifssyni þegar hann settist að á Akureyri. Við komumst að raun um að við áttum sameiginleg áhugamál, og fórum að starfa saman, meðal annars í Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN). Í mörg ár hlýddum við saman á níundu símfóníu Beethovens í útvarpinu snemma á nýársdag. Eftir að ég fluttist austur á Hérað 1987 vorum við í stöðugu bréfasambandi, og eins þegar hann var erlendis, og heimsóttum hvor annan. „Gott er símtal, betra bréf, en best er þó að finnast“, skrifaði hann mér eitt sinn. Ég las bækur hans um náttúrufræði og náttúruskoðun í handriti og fylgdist með framvindu þeirra.

Síðast hitti ég Bjarna í fullu fjöri 16. júní 2018 á heimili hans á Akureyri. Það kom sem reiðarslag þegar fréttist næsta vor að hann hefði fengið heilablæðingu, lamast og misst málið. Eftir það áfall náði hann sér aldrei, og reyndi þá mjög á styrk og þolgæði konu hans. Bjarni var jarðsettur í Möðruvallakirkjugarði 16. september á „Degi íslenskrar náttúru,“ að viðstöddu miklu fjölmenni. Einn merkasti maður sem ég hefi kynnst, og besti vinur, var horfinn úr heimi, en skildi eftir sig mikla arfleifð í formi ritaðs máls og ótal efni til frekari ihugunar og rannsókna.

Minningargreinar um Bjarna birtust í *Morgunblaðinu* 16.-17. september, í *Norðurslóð* 26. september 2019, einnig í *Heimaslóð*, 17. hefti, 2020. Í nóvember 2019 færði fjölskylda Bjarna Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK) veglega minningargjöf um hann.

Að lokum þakka ég Brynhildi og Jóhannesi Sigvaldasyni fyrir yfirlestur þessa pistils og ýmsar leiðréttingar.

Helgi Hallgrímsson